

Fimmtudaginn 16. september 1993.

Nr. 99/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Konráði Einarssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Lax- og silungsveiði. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 6. janúar 1993 til þyngingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Fyrir Hæstarétti hélt verjandi ákærða því fram, að sök ákærða væri fyrnd. Verknaður ákærða er framinn í júlí 1990. Hinn 10. maí 1991 hófst réttarrannsókn gegn honum sem sökunaut. Þá var rofin fyrning sakar, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hefur viðurkennt að vera eigandi nets þess, sem veiði-verðir tóku upp aðfaranótt 24. júlí 1990, og hafa lagt það í sjó, eins og í ákæru greinir. Fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins viðurkenndi ákærði, að netið hefði verið ómerkt að öðru leyti en því, að á öðrum enda þess hefði verið hvítur plastbrúsi með bláan tappa. Fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði skrifað með tússpenna á brúspann L.19, sem var númer veiðileyfis hans. Hann sagðist hafa gert sér grein fyrir því, að merkingin kynni að mást af í sjónum. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja sannað, að net ákærða hafi verið ómerkt, þegar það var tekið upp. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Konráð Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-3367d/1990: Ákærvaldið gegn Konráði Einarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 16. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. júní 1991, á hendur Konráði Einarssyni, Hlíðarvegi 19, Hvammstanga, fæddum 7. febrúar 1955, fæðingarnúmer 278, „fyrir að hafa að kvöldi þriðjudagsins 24. júlí 1990 án fullnægjandi merkinga lagt net í sjó sunnan við bátahöfnina á Hvammstanga til veiða á silungi, en aðfaranótt næsta fimmtudags tóku veiðiverðir netið upp.

Telst þetta varða við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og samkvæmt 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði til upptöku á neti því, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, merktu af lögreglu nr. 6“.

— — —

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er háttsemi ákærða talin varða við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, sbr. staflíði d og j í 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Landbúnaðarráðherra setti reglur nr. 205/1990 með heimild í 4. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði. Reglurnar voru birtar 25. maí 1990. Reglur þessar leystu af hólmi reglur nr. 378/1989.

Með framburði ákærða og vitna er sannað, að ákærði lagði silungsveiði-net það, er hér um ræðir. Telja verður sannað, að net ákærða hafi verið ómerkt, þegar það var tekið upp. Hins vegar heldur ákærði því fram, að hann hafi merkt net sitt, áður en hann lagði það. Ákærði kvaðst hafa merkt net sitt þannig, að á „sjampó“-brúsa, sem notaður var sem dufl, hafi verið ritað: L. 19, en ákærði hefði veiðileyfi númer 19 frá Hvammstangahreppi.

Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt reglur nr. 205/1990, er hann lagði net sitt. Veðileyfi ákærða fyrir árið 1990 hefur verið lagt fram í málinu, og skv. því fylgdi ljósrit reglna nr. 205/1990. Þrátt fyrir það að hér væri um breytingu frá eldri reglum að ræða, hafði ákærði öll tæk á að kynna sér gildandi reglur, og þykja ákvæði 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki eiga við um háttsemi hans.

Ákærði bar við meðferð málsins, að veiðieftirlitsmaður ætti að sjá um merkingu neta, og vísaði í því sambandi til 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 89. gr. laga um lax- og silungsveiði. Telja verður, að veiðimaður verði að hafa frumkvæði að því við veiðieftirlitsmann eða hreppstjóra, að veiðitækin séu rétt merkt.

Ákærði hélt því einnig fram við flutning málsins, að net sitt hefði verið nægilega merkt, er hann lagði það í sjó. Það er álit dómsins, að net sé ekki fullnægjandi merkt, nema merkingin sé með þeim hætti, að hún haldist, meðan netið er í notkun.

Þá hélt ákærði því fram, að sök sín, ef einhver væri, kynni að vera fyrnd. Með því að ákærða var fyrir dómi 10. maí 1991 boðið að ljúka málinu með dómsátt, þar sem honum voru jafnframt kynnt gögn málsins og hann staðfesti undirskrift sína á lögregluskýrslu, þykir fyrningarfrestur hafa verið rofinn, og er sökin því ekki fyrnd.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir fullsannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn niðurlagi 7. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990. Með vísan til 9. tl. áðurnefndra reglna og sbr. 1. mgr., staflíði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 þykir rétt að dæma ákærða til að greiða 9.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði er net ákærða nr. 6, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, gert upptækt til ríkissjóðs.

Áærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Konráð Einarsson, greiði 9.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Net ákærða, merkt nr. 6, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, er gert upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.
